

# SAMSTARFSYFIRLÝSING

## **milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofu vegna innleiðingar Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.**

Jafnréttisstofa mun aðstoða sveitarfélög við innleiðingu Evrópusáttmálans um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og þær skyldur sem sáttmálinn felur í sér fyrir aðildarsveitarfélög.

Jafnréttisstofa mun veita faglega ráðgjöf við gerð aðgerðaáætlana í samræmi við sáttmálann, sem og við þróun og kynningu á kynjamatskerfi í samræmi við leiðbeiningar Evrópusamtaka sveitarfélaga. Jafnréttisstofa mun halda námskeið um jafnréttisáætlanir, baráttu gegn staðalímyndum, samþættingu kynjasjónarmiða inn í alla stefnumótun og ákvarðanatöku og önnur þau efni sem fræða þarf starfsfólk og kjörna fulltrúa um til að sveitarfélögin geti uppfyllt sáttmálann og þau telja sig þurfa á að halda.

Jafnréttisstofa og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu standa fyrir árlegum samstarfsfundum um innleiðingu Evrópusáttmálans fyrir þau sveitarfélög sem staðfest hafa hann, t.d. í tengslum við árlegan fund jafnréttisnefnda sveitarfélaga. Þá skal skipuleggja markvissa kynningu á sáttmálanum fyrir þau sveitarfélög sem hafa hug á að staðfesta hann.

Jafnréttisstofa leggur til starfsfólk og fræðsluefni eftir því sem tæk eru á en gert er ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög greiði þátttökugjöld vegna námskeiðahalds til að standa undir öðrum kostnaði.

Ísafirði 11. september 2009.